

Alþingi
Erindi nr. P 130/2042
komudagur 21.4.2004



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi
Sigrún Brynja Einarsdóttir
nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2004
Tilvísun : 2004030018

Vísað er til bréfs dags. 10. mars þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, 520 mál. Beðist er velvirðingar á því að hafa ekki svarað innan uppgefins frests.

Þegar gerðar voru breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga um fyrningarfrest árið 1998 lýsti Barnaverndarstofa sig hlynnta sérreglu um upphaf fyrningarfrests vegna kynferðisbrota sem framin eru gagnvart börnum. Barnaverndarstofa mælti þó eindregið með því að aldursmark yrði hærra en 14 ár svo sem varð að lögum.

Barnaverndarstofa styður eindregið það frumvarp sem hér er lagt fram með vísan til röksemda sem fram koma í greinargerðinni. Ef þingmönnum finnst þetta of langt gengið þá mælir Barnaverndarstofa eindregið með því að síðara málslíð 82. gr. almenna hegningarlaga verði breytt þannig að fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. teljist þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotþoli nær 18 ára aldri.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir